

- Síldarstöð og lóðarréttindi Ólafs Ragnars (Ragnarsreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi h.f. Hafliði (Hjaltareitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi dánarbús Halldórs Jónassonar (Halldórsreitur).
 Hús og lóðarréttindi Edvins Jacobsen við Gránugötu.
 Síldarstöð og lóðarréttindi Kaupfélags Sigfirðinga (Kveldúlsreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Jóns Hjaltalíns (Hjaltalínsreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Sameignarfélagsins Ísafold (Friðleifsreitur).
 Hraðfrystihús Sameignarfélagsins Ísafold (Friðleifsreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Alfons Jónssonar (Helgareitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi h.f. Sunnu (Álalækjarreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi h.f. Sunnu (Ólagata 4).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Óskars Halldórssonar (Snorragata 1).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Skafta Stefánssonar (Snorragata 7).
 Síldarstöð og lóðarréttindi h.f. Njórður (Snorragata 9).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Samvinnufélags Ísfirðinga (Snorragata 11).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Ásgeirs Péturssonar h.f. ásamt fiskimjölsverksmiðju og hraðfrystihúsi með lóðarréttindum.
 Siglufjarðarkaupstað er enn fremur áskilinn forkaupsréttur að lóðarréttindum þeim, með tilheyrandi mannvirkjum, sem hér segir:
 Ránargata 2, Kambsreitur, eign Olíuverzlunar Íslands h.f.

199

20. sept.

Samþykkt þessi öðlast gildi 20. september 1950 og gildir í 5 ár frá þeim degi að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. september 1950.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

200

21. sept.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Borgarfjörð í Norður-Múlasýslu,
 nr. 15 31. jan. 1947.

1. gr.

VI. kafli hafnarreglugerðarinnar verði svo hljóðandi, og breytist greinatala reglugerðarinnar samkvæmt því:

VI. KAFLI

Um lesta- og bryggjugjald.

7. gr.

Öll skip, 12 smálestir og stærri, skulu greiða hafnargjald, er þau koma á Borgarfjarðarhöfn og hafa samband við land.

Undanþegin eru skip, sem leita hafnar vegna óveðurs eða sjóskemmda, svo og varðskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip og skip, sem gerð eru út til vísindarannsóknna.

Hafnargjald greiðist af brúttóstærð skips og reiknast í heilum tölum.

200

8. gr.

21. sept.

Öll aðkomuskip nema þau, sem undanskilin eru í 7. gr., 12 smálestir og stærri, greiði kr. 0.50 af hverri brúttósmálest í hvert sinn, er þau koma til hafnar, þó ekki oftár en 6 sinnum á ári.

Fyrir hvern uppskipunarbat skal greiða kr. 30.00 fyrir árið.

Innlend strandferðaskip skulu einungis greiða hafnargjald í fyrsta sinn, er þau koma í höfn ár hvert, og ekki oftár á því ári.

9. gr.

Hvert skip, sem leggst að bryggju eða skipi, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af brúttóstærð skipsins, talið í heilum tölum:

a. Af aðkomnum bátum:

| | |
|-------------------------------|-----------|
| 5— 12 smálestir | kr. 10.00 |
| 12— 40 smálestir | — 15.00 |
| 40— 60 smálestir | — 20.00 |
| 60—100 smálestir | — 30.00 |
| 100 smálestir og stærri | — 45.00 |

b. Öll önnur skip, þar á meðal strandferðaskip, skulu greiða kr. 0.20 af hverri nettósmálest.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. september 1950.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

201

AUGLÝSING

23. sept.

varðandi meðferð og útlát á tetraklórcolefni og triklóretýlen, sem ætluð eru til iðnaðar eða annarra verklegra nota, þar á meðal til heimilisnota.

1. gr.

Kaupmönnum og öðrum, er selja eða fara með tetraklórcolefni og triklóretýlen, er skylt að geyma efni þessi vandlega aðgreind frá matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum. Á ílát þau, sem efni þessi eru geymd í, skulu greinilega rituð með hvítu lettri á svartan grunn orðin: *Varúð! Hættulegt!*

2. gr.

Þegar efni þessi eru afhent kaupanda, skulu ílát bera rauðan miða, sem á er letrað innihald, nafn seljanda og orðin: *Má ekki hella í flöskur eða ílát, sem notuð eru til drykkjar.* Auk þess skulu greinilega rituð á ílátið með hvítu lettri á svartan grunn orðin: *Varúð! Hættulegt!* Eru ákvæði þessi óháð magni því, sem úti er látið. Ef magn það, sem úti er látið, er minna en 1000 g, skal enn fremur rita á ílátið með hvítu lettri á svartan grunn orðin: *Má ekki nota til hárfvotta.*